

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: Enska

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Hópur: Húnar 3.-4. bekkur

Nafn: Sonja Dröfn Helgadóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Enska

### Hlustun

- skilji helstu kveðjur og kurteisisorð í samskiptum
- skilji einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg
- geti fylgst með í einföldu hlustunarefni, t.d. söngvum og þulum
- skilji einfaldar spurningar um viðfangsefni
- skilji einföld fyrirmæli kennara

### Lestur

- geti fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða mynd til stuðnings
- geti lesið einfaldar setningar

### Ritun

- geti skrifað eftir fyrirmynd orð og einfaldar setningar
- geti skrifað orð og stuttar setningar við myndir

### Talað mál - frásögn

- geti lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt
- geti gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig

### Talað mál - samskipti

- geti tekið þátt í samskiptaleikjum
- geti tekið þátt í einföldu samtali, t.d. spurt og svarað
- geti tekið þátt í einföldum samskiptum, t.d. kynnt sig og heilsað
- geti tekið undir í söng og farið með þulum

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Enska

### Ritun

- þjálfist í rétttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni

## Kennsluaðferðir

---

### Bein kennsla

Kennari leggur inn í töluðu máli og rituðu, einföld orð og orðmyndir.

### Aðrar kennsluaðferðir

Nemendur vinna sjálfstætt í ýmsum verkefnum. Samvinna nemenda í verkefnavinnu og hópleikir.

### Námsmat

---

Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur nemendur miðað við áhuga, þátttöku, vandvirkni.

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: Heimilisfræði

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Hópur:

Nafn:Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Heimilisfræði

### Aðrir þættir

- læri að leggja á borð (diskar, glös, hnífapör)
- temji sér að taka tillit til og virða skoðanir annarra
- geti sýnt umburðarlyndi og tekið tillit til annarra
- geri sér grein fyrir því hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- læri að samvinna og sameiginleg ábyrgð á heimilum er mikilvæg
- temji sér að sýna kurteisi við borðhald og þjálfist í að nota hnífapör rétt
- læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir óhöpp

### Hreinlæti

- læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf (hendur, matvæli, áhöld, borðklútur)
- þjálfist í að þvo upp í höndum samkvæmt hreinlætiskröfum
- þjálfist í að halda röð og reglu á sínum vinnustað
- viti um gagnsemi og skaðsemi örvera

### Matreiðsla og vinnubrögð

- fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum
- geti unnið í samvinnu við aðra
- geti gengið frá eftir sig með leiðsögn
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðarnar
- þekki algeng eldhúshöld og viti til hvers þau eru notuð
- þjálfist í að vinna sjálfstætt einföld verkefni
- kunnir að velja hentug áhöld
- temji sér að vinna í sátt og samlyndi og bera ábyrgð á frágangi eftir sig
- þjálfist í að nota mælitæki og taka til hráefni í uppskrift
- fái þjálfun í að lesa leiðbeiningar og fara eftir fyrirmælum

### Matvælafræði

- rifji upp heiti fæðuflokkanna og læri sérstaklega um mjólkurflokk
- þekki algengar mjólkurvörur og kynnist ferli mjólkur frá kú til neytanda
- þekki algengar korntegundir og vinnsluferli þeirra
- læri hvaðan matvælin koma sem notuð eru

### Neytendafræði og umhverfisvernd

- þekki hugtakið umhverfisvernd
- viti að það að spara (sápa, hreinsiefni, eldsneyti, pappír, reykingar, áburður, útblástur o.fl.) er fjárhags- og umhverfislega hagkvæmt
- læri hvað ber að hafa í huga við matarinnkaup

### Næring og hollusta

- fái innsýn í í hverju góðar matarvenjur eru fólgnar
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjarvörum
- læri að morgunverður er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis
- öðlist þekkingu á því hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollar og aðrar óhollar
- auki þekkingu sína á góðum matarvenjum og viti að þær skipta máli í leik og starfi

- læri að reglubundnar máltíðir eru mikilvægar

## Kennsluáðferðir

---

### Hópverkefni

Nemendur vinna saman að viðfangsefnum heimilisfræðinnar, lögð er áhersla á að geta unnið í hópi með hverjum sem er.

### Sýnikennsla

Nemendum er sýnt til hvers er ætlast af þeim og þeir fá síðan að æfa sig.

### Umræður

Umræður eru mikilvægur þáttur í heimilisfræðikennslu.

### Verklegar æfingar

### Mikill hluti

heimilisfræðikennslunnar er verklegur og lögð er áhersla á fjölbreyttar æfingar við hæfi hvers og eins

## Námsmat

---

Mat á frammistöðu í tímum

Símat í tímum gildir 70-80%: metið er frumkvæði, sjálfstæði, frágangur, vinnubrögð.

### Sjálfstæð verkefni

Nemendur vinna að sjálfstæðum verkefnum og verða þau metin til 20-30% af námsmati.

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: Hönnun og smíði

Hópur: Húnar 3.-4. bekkur

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Nafn: Þorgerður Þóra Hlynsdóttir

## Kennsluáðferðir

---

### Efniskönnun

Nemendur læra um ýmis efni sem notuð eru í smíðastofunni

### Aðrar kennsluáðferðir

Nemendur fá verkefni og læra að vinna sjálfstætt.

## Námsmat

---

### Sjálfstæð verkefni

Nemendur velja sér viðfangsefni og búa til áætlun. Læra að vinna eftir markmiðum og ljúka þeim.

### Mat á frammistöðu í tímum

Hegðun, frumkvæði, vinnusemi, vandvirkni.

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: íslenska

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Hópur: Húnar 3.og 4.b

Nafn: Erna Berglind Hreinsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Íslenska

Lestur og bókmenntir

- þekkja hugtökin söguþráð, sögupersónur og boðskap
- kunna nokkur ljóð og hafa flutt þau fyrir aðra
- þekkja nokkur hugtök í bragfræði svo sem kvæði, þulu, vísu, ljóðlínu og erindi
- geta lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði
- kunna að afla sér upplýsinga úr bókum og af Netinu
- geta valið sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju
- hafa kynnst fjölbreyttum textum, innlendum og erlendum, fornum og nýjum

Málfræði

- átta sig á að íslenska er beygingamál
- þekkja hugtökin samheiti og andheiti
- þekkja mun samnafna og sérnafna
- kunna að ríma og hafa öðlast tilfinningu fyrir hrynjandi orða
- geta raðað í stafrófsröð
- þekkja helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- þekkja mun á sérhljóðum og samhljóðum
- hafa kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða

Ritun

- vera fær um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri
- hafa kynnst orðabókum og fleiri hjálpargögnum
- þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag
- geta skrifað einfaldan texta á tölvu og hafa fengið leiðsögn um rétta fingrasetningu
- hafa skoðað og skrifað margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf
- hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu
- geta skrifað skýrt og læsilega
- þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglur um sérhljóð á undan ng og nk

Talað mál og hlustun

- hafa skýran og áheyrilegan framburð
- hafa lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- þekkja fróðleik, svo sem þulur og þjóðsögur
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum
- geta fylgt fyrirmælum
- hafa hlustað á upplestur, sögur, leikrit og ljóð
- geta endursagt ýmiss konar texta eða frásagnir
- vera fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- hafa horft á leikþætti og söngatriði á sviði eða af myndbandi

- geta sagt frá eftirminnilegum atburðum

## Námsgögn

---

- Lestrarbækur eftir getu hvers og eins
- Ljóðsprotar
- Ítalíuskrift
- Skrift 1,2,3,4
- Góður, betri, bestur
- Ritrún
- Ás
- Tvistur
- Skinna
- Græni blýanturinn
- Blái blýanturinn
- Ýmis verkefni frá kennara

## Kennsluáðferðir

---

Bein kennsla

Munnleg og skrifleg Innlögn frá kennara.

Hlustunarefni

Hlustunarefni: söngur, ljóð og sögur o.þ.h. af hljóðdiskum.

Hópverkefni

Nemendur vinna saman verkefni í hóp.

Hugmyndavinna

Nemendur vinna út frá hugmyndum sínum og eða annarra.

Námsleikir

Nemendur læra í gegnum hina ýmsu námsleiki.

Ritun

Nemendur þjálfa ritun í skrifarbókum og eftir upplestri.

Söngur

Nemendur læra hina ýmsu söngva.

Tjáning

Nemendur þjálfast í að tjá sig um námsefnið.

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Unnið er mikið út frá hinu daglega lífi nemenda.

Vinnubókarkennsla

Nemendur vinna í vinnubókum tengt námsefninu.

## Námsmat

---

Frammistöðumat

Nemendur eru metnir eftir frammistöðu í tímum.

Kannanir

Nemendur taka kannanir í lok hverrar annar.

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: Íþróttir

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Hópur: Húnar, 3.-4. bekkur

Nafn: Finnbogi Guðmundsson

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Skólaíþróttir

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- læri að fylgja reglum leikja

- læri að taka sigri og ósigri

- taki þátt í æfingum og leikjum sem veita áreiti eins og snertingu og hnjask

Líkamsþroski - fagurþroski

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, staðarleitarleikjum, feluleikjum, boltaleikjum

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum innan-  
sem utanhúss, ratleikjum, boltaleikjum sem tengja má við leikæfingar íþróttagreina

- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla líkamspól, s.s. boðhlaupi, stöðugu hlaupi á rólegum hraða í um 6-8 mínútur,

- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla hraða, s.s. að bregðast hratt við merki kennara, að hlaupa 30 m sprett

Skynþroski - hreyfiþroski

- þjálfist áfram í að tengja ýmsar grunnhreyfingar saman, s.s. að sveifla sér í hringjum eða köðlum, velta sér kollhnís áfram, hoppa upp og velta sér aftur á bak, hoppa á fjölbreyttan hátt yfir hindranir, rekja bolta á hlaupum og kasta

- þjálfist í einföldum leikjum og leikrænum æfingum íþróttagreina

- taki þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. fjölbreyttum boltaleikjum, samvinnu- og hittnileikjum, t.d. að skjóta keilur ofan af bekk, feluleikjum og ratleikjum utanhúss

- þjálfist í æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar eru tengdar saman, s.s. jafnvægisgöngu á bita, snúningum og

## Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

jafnvægisstöðu, að hoppa af bretti upp á kubb og niður á dýnu, hliðarstökki yfir kistu eða bekk, að sippa á mismunandi hátt

Vitsmunaproski

- læri að taka fram og ganga frá áhöldum á réttan og öruggan hátt
- taki þátt í umræðu um markmið æfinga og leikja sem teknir eru fyrir í kennslunni
- læri að bregðast fljótt við fyrir mælum og tileinki sér réttar reglur í leikjum

Kennsluáðferðir

	Námsmat
Bein kennsla	
Hreyfing	Mat á frammistöðu í tímum
Sýnikennsla	Frammistöðumat
Verklegar æfingar	

---



# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: myndmennt

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Hópur: Húnar 3.og 4.b

Nafn: Erna Berglind Hreinsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Myndmennt

Fagurfræði og rýni - Skynjun/greining/mat

- geta á einfaldan hátt lagt mat á eigin verk og annarra

Fagurfræði og rýni - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki

Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta gengið frá verkum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með

- geta unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt í ýmis efni með margvíslegum áhöldum í gegnum teiknun, málun, mótun, klippimyndir, þrykk

- geta sett fram á sjónrænan hátt eigin upplifun eða ímyndun

- grunnlitina, einfaldar litablöndur og litatóna

- hafa tamið sér vönduð vinnubrögð

- geta nýtt sér í eigin sköpun einfalda útfærslu línuteikninga, áferðar, myndbyggingar, lita- og formfræði, s.s.

## Kennsluáætlun

---

### Hópverkefni

Nemendur þjálfast í að vinna saman að verkefnum.

### Námsmat

---

### Hugmyndavinna

Nemendur vinna út frá hugmyndum sínum.

### Frammistöðumat

Kennari metur frammistöðu nemenda í tímum.

### Sköpun

Nemendur skapa verkefni út frá sínum hugmyndum og sýn.

### Vettvangsferðir

Nemendur fara í vettvangsferðir í sitt  
nánasta umhverfi og vinna verkefni  
úr ferðinni.

---

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: náttúrufræði

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Hópur: Húnar 3.og 4.b

Nafn: Erna Berglind Hreinsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Náttúrufræði

Að búa á jörðinni

- gera sér grein fyrir sjálfbærri nýtingu auðlinda
- fjalla um hnattræn viðfangsefni, svo sem mengun í sjó, takmörkun loftslagsbreytinga og vernd ósonlagsins
- skilja hvað felst í hugtakinu sjálfbær þróun og mikilvægi þess fyrir samfélagið
- gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma hans og framtíð byggist á því að hægt verði að búa áfram á jörðinni
- skilja mikilvægi þess að umgangast hvers konar náttúruauðlindir, s.s. heilnæmt andrúmsloft, hreint neysluvatn og landgæði, á þann hátt að þær spillist ekki

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Náttúrufræði

Úr eðlisvísindum

- geri tilraunir með hvað gerist með hluti af mismunandi lögun þegar þeir eru settir á vatn, s.s. kubba, báta, laufblöð
- finni út hvaða lögun af leir flýtur best
- geri sér grein fyrir að hljóð myndast ekki nema hreyfing á hlutum eigi sér stað, t.d. með tilraun með að hleypa lofti úr blöðrum
- geri tilraunir með hvað verður um efni sem leyst hafa verið upp í vatni, s.s. salt, sykur og kaffi
- geri tilraunir um áhrif mismunandi hitastigs á leysni, t.d. með því að setja sykur, salt eða tepoka í kalt vatn og heitt

Úr jarðvísindum

- geri sér grein fyrir fjölbreytni í nýtingu vatnsins á heimili og í umhverfinu, s.s. drykkjarvatn, sundlaugar, gosbrunnar, vökvun

- ræði um áhrif sólarljóssins á nánasta umhverfi
- skoði tungl og stjörnur í gegnum sjónauka
- ræði um áhrif sólarljóssins á hitastig í skugga og í sólarljósi
- ræði um áhrif sólarljóssins á líkamann
- skoði tungl og stjörnur með berum augum
- ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa vinda og vatns
- ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa mannsins
- ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa náttúruhamfara
- skoði og fjalli um fjölbreytileika steinaríkisins
- skoði og fjalli um strandlengju m.a. með tilliti til munar á flóði og fjöru
- búi til líkan/mynd af strönd
- skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í nánasta umhverfi
- skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í heimabyggð
- fjalli um veðurfar út frá eigin upplifunum og hugmyndum
- skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru
- ræði um ólík birtingarform vatnsins í náttúrunni, s.s. jökla, ár og læki, rigningu og snjókomu
- fjalli um veðurfar út frá veðurkortum og veðurspám sem birtast í sjónvarpi, blöðum og á veraldarvefnum

### Úr lífvísindum

- þekki helstu lífverur í næsta nágrenni eða heimabyggð
- þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- ræði hvað verður um matinn sem við borðum
- útbúi einfalt ættartré sem sýnir skyldleika fjölskyldu
- þjálfist í að beita heitum og hugtökum yfir sjáanlega líkamshluta
- ræði um hollustu matar m.a. með tilliti til tannverndar

## Námsgögn

---

- Náttúran allan ársins hring
- Komdu og skoðaðu hringrásir
- Kostuleg kort og gröf

## Kennsluaðferðir

---

### Bein kennsla

Munnleg og skrifleg innlögn frá kennara.

### Fræðslumyndir

Nemendur horfa á fræðslumyndir og myndbönd tengt námsefninu.

### Hópverkefni

Nemendur vinna saman í hóp að ákveðnu verkefni.

### Hreyfing

Nemendur fara í leikræna tjáningu tengt námsefninu.

### Hugmyndavinna

Nemendur vinna út frá sínum hugmyndum.

### Samvinnunám

Nemendur vinna saman tveir eða fleiri að verkefni.

### Umræður

Skapaðar verða umræður tengdar námsefninu og nemendur spjalla saman um viðfangsefnið.

### Vettvangsferðir

Farið verður í vettvangsferðir í nánasta umhverfi nemenda.

### Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Námsefnið verður að mörgu leyti tengt hinu daglega lífi nemenda.

## Námsmat

---

### Frammistöðumat

Frammistaða og virkni nemenda verður metin í lok hvers annar.

Heiti áætlunar: samfélagsfræði

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí

Hópur: Húnar 3.og 4.b

Nafn: Erna Berglind Hreinsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Samfélagsfræði

### Fornsaga

- kannast við og hafa kynnt sér valda atburði úr sögu fornaldar
- hafa hlustað á og/eða lesið og unnið með þjóðsögur, hetjusögur og goðsagnir frá mismunandi stöðum í heiminum
- vita hvað fornleifar og fornminjar eru og hvernig þær veita upplýsingar um sögu mannsins

### Heimsbyggð

- skilja muninn á sannsögu og skáldsögu
- geta greint á milli eigin reynslu og reynslu annarra og átta sig á að ekki er allt heilagur sannleikur sem skrifað stendur heldur litad reynslu og viðhorfum þess sem ritar
- geta sagt frá nokkrum sögufrægum persónum, t.d. sæföllum og landkönnuðum
- vita að til eru mismunandi menningarsvæði, siðir og venjur í heiminum og þekkja nokkur valin dæmi þar um

### Land og þjóð

- þekkja til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna
- skilja mikilvægi umhverfisþátta fyrir búsetu og lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrir
- geta sagt frá nokkrum atburðum og persónum sem koma við sögu lands og heimabyggðar
- þekkja til Íslendingasagnanna og valdra persóna sem þar er sagt frá
- geta nefnt dæmi um það sem er líkt og ólíkt í húsnæði, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, siðum og venjum nú og á öðru tímasteiði
- þekkja nokkrar íslenskar þjóðsögur og geta sagt hvernig þær vitna um þjóðtrú og þjóðhætti fyrir á öldum

### Rýni og tjáning

- hafa þjálfast í að flytja mál sitt, svara fyrirspurnum, rökræða niðurstöður og taka gagnrýni
- hafa þjálfast í að hlusta og endursegja
- skilja gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunn, læra á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og hafa lært að finna bók á bókasafni
- þekkja mismunandi leiðir til að afla upplýsinga, t.d. úr bókum, á söfnum, með viðtölum og af Netinu, og hafa fengið tækifæri til að nota þá þekkingu
- hafa fengið að túlka viðfangsefni munnlega og skriflega, í leik, myndsköpun, söng, tónlist og með leikrænni tjáningu fyrir bekkjarfélögum, foreldrum eða öðrum
- kanna í samvinnu við aðra og sem einstaklingur valin atriði á skipulegan hátt og hafa haldið skrá yfir athuganir sínar

### Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

- skilja að sérhver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild - fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi, þjóðfélagi
- þekkja hlutverk einstaklinga af báðum kynjum í fjölskyldu, t.d. með hliðsjón af

stöðu sinni í eigin fjölskyldu

- gera sér grein fyrir mikilvægi fjölskyldunnar í gegnum söguna og hvernig menn búa í mismunandi fjölskyldugerðum við ólíkar efnahagslegar og félagslegar aðstæður í heiminum
- hafa öðlast skilning á margbreytileika mannlífs í tíma og rúmi í sögunáminu og öðlast virðingu fyrir menningu annarra þjóða
- skilja og virða reglur í samskiptum manna, skráðar og óskráðar, og þekkja dæmi þar um
- geta gert grein fyrir nokkrum þáttum fjölskyldulífs fyrri kynslóða
- hafa fengið að skynja söguna í gegnum ápreifanlega hluti og lifað sig inn í hana í gegnum bókmenntir, ljósmyndir, kvikmyndir og frásagnir
- hafa fengið að lifa sig inn í söguna með því að endurskapa veruleika með öðrum, t.d. að skapa ímyndað land með bekkjarfélögunum, nema það og búa til samfélag Skóli og heimabyggð
- kunna skil á nokkrum breytingum sem orðið hafa á nánasta umhverfi af mannavöldum
- þekkja staði í nágrenni heimilis síns og kunna skil á landfræðilegum hugtökum
- rata um umhverfi heimilis og skóla með því að fylgja munnlegum leiðbeiningum og nota einfalda uppdrætti eða kort
- þekkja skipulag skólabyggingar og lóðar og hvernig megi búa til og nota kort til að rata um eða vísa öðrum veginn
- kynnast mikilvægi náttúruverndar og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum í þeim málum, t.d. með flokkun sorps og endurnýtingu hráefna
- þekkja nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögulegar byggingar í heimabyggð og kunna sögur af þeim
- átta sig á hvaða náttúruþættir hafa mótað umhverfi hans

Tími

- kunna skil á tímahugtökum og læra að nota dagatal
  - skilja hvenær skipt er um tímasvið í frásögn og geta greint hvenær atburðir gerast á undan eða eftir öðrum eða samtímis
  - geta raðað atburðum í tímaröð, m.a. með því að teikna tímaás
- Umheimurinn og nánasta umhverfi
- átta sig á megingundum náttúruhamfara og áhrifum þeirra á daglegt líf fólks
  - fá yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn
  - geta útskýrt dægraskipti og hvernig jörðinni er skipt upp í tímabelti
  - þekkja hvað veldur árstíðaskiptum og áhrifum þeirra og veðurs á daglegt líf fólks eftir staðsetningu á jörðinni
  - þekkja helstu tákn sem notuð eru í veðurlýsingu

## Námsgögn

---

- Komdu og skoðaðu:
- Landnámið
- íslenskir þjóðhættir
- Litlu landnemarnir
- Ýmis verkefni frá kennara

## Kennsluáðferðir

---

Bein kennsla

Munnleg og skrifleg innlögn frá kennara.

Fræðslumyndir

Hinar ýmsu fræðslumyndir tengdar námsefninu.

Hlutverkaleikir

Nemendur fara í hlutverkaleiki tengt námsefninu.

Hópverkefni

Nemendur vinna saman í hópum.

Hugmyndavinna

Nemendur koma með sínar hugmyndir og vinna út frá þeim.

Ritun

Nemendur rita og skrá í vinnubækur Samvinnunám

Nemendur vinna saman tveir eða fleiri.

Sköpun

Nemendur vinna við sköpun í verkefnum tengd námsefninu.

Umræður

Nemendur ræða saman um námsefnið.

Vettvangsferðir

Nemendur fara í vettvangsferðir ásamt kennara í nánasta umhverfi.

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Námsefnið verður mikið unnið í tengslum við hið daglega líf nemenda.

## Námsmat

---

Frammistöðumat

Frammistaða og virkni nemenda verður metin í lok hvernar annar.



# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: Sund  
Hópur: Húnar, 3.-4. Bekkur  
Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 22. ágúst- 22.maí  
Nafn: Finnbogi Guðmundsson

---

## Skólasund

- Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski
  - þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. ýmsum hópleikjum, sundknattleik, boðsundsleikjum
  - taki þátt í leikjum og æfingum í vatni sem auka vellíðan og styrkja samskipti
  - fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum og yfirfæra þá að sundstað
- Líkamsþroski - fagurþroski
  - taki þátt í ýmsum hópleikjum sem efla líkamsþol, s.s. eltingaleikjum, boðsundsleikjum, boltaleikjum kafsundsleikjum
  - taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s. kraftleikjum, boltaleikjum
  - þjálfist í þrekæfingum í leik, s.s. björgunarsundi þar sem synt er ákveðin vegalengd
  - þjálfist í þrekæfingum í leik, s.s. að sitja á flám og róa
- Skynþroski - hreyfiþroski
  - taki þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að, bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi, flugsundi
  - nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s. 25 m bringusundi
  - nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s. 12 m skólabaksundi
  - nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s. 12 m skriðsundi, með eða án hjálpartækja
  - nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s. 12 m baksundi, með eða án hjálpartækja
  - læri að bregðast rétt við ef óhapp ber að höndum
  - læri að stinga sér úr kropstöðu af bakka eða stiga
- Vitsmunþroski
  - skilji markmið æfinga og leikja sundkennslunnar
  - fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum yfir á sundstað
  - þekki helstu öryggisatriði sundstaðar
  - þjálfist í að fylgja settum öryggisreglum
  - þjálfist í að synda með bjarghring til félaga í grunnri laug

## Kennsluáðferðir

---

Bein kennsla  
Sýnikennsla  
Verklegar æfingar

## Námsmat

---

Frammistöðumat

Heiti áætlunar: stærðfræði

Tímabil: 22. ágúst-22. maí

Hópur: Húnar 3.og 4.b

Nafn: Erna Berglind Hreinsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Stærðfræði

Aðferðir - Lausnir verkefna og þrauta

- prófa niðurstöður
- hafa glímt við stærðfræðileg verkefni og þrautir af ýmsu tagi
- geta rökstutt niðurstöður sínar, túlkað og sannreynt
- nota aðferðir eins og að setja dæmið á svið, nota áþreifanlega hluti, giska á lausn, teikna myndir eða leysa einfaldara verkefni af skyldum toga

- spyrja spurninga og leita að tilgátum sem gætu skýrt verkefnið

- geta beitt skipulegum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta

Aðferðir - Rökshenging og röksemdafærslur

- geta áttað sig á fullyrðingum, lýsingum eða fyrirmælum
- geta þekkt hlut, mynstur eða hugtak út frá lýsingu
- geta rökstutt niðurstöður sínar og skýrt lausnarleiðir
- hafa kynnst mikilvægi röksemdafærslna í stærðfræði
- geta sett fram einfaldar röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli
- geta rökstutt reikningsaðferðir sínar
- geta búið til og unnið með einföld reiknirit, t.d. gefið leiktæki eða tölvu runu af fyrirmælum til að vinna eftir
- geta beitt einföldum röksemdafærslum
- geta metið hvort einfaldar fullyrðingar eru sannar, t.d. með því að prófa á áþreifanlegan hátt hvort fullyrðing stenst
- geta fylgt einföldum röksemdafærslum
- geta gagnrýnt eigin röksemdafærslur og annarra

Aðferðir - Stærðfræði og tungumál

- geta lesið og skrifað tölur, einföld töluleg gögn og stærðfræðilegan texta
- geta lesið og skrifað náttúrlegar tölur allt að 10.000
- geta lesið, notað og skrifað einföld almenn brot
- geta lesið og skrifað tugabrot með einum eða tveimur aukastöfum
- þekkja algeng stærðfræðihugtök og tákn fyrir þau, s.s. meira en, minna en, jafnt og, samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu og geta lesið og skrifað texta þar sem þau koma fyrir
- geta lesið úr einföldum töflum og súluritum og sett eigin gögn (t.d. niðurstöður athugana á umhverfi eða í sambandi við aðrar námsgreinar) upp í töflur og túlkað þau með skýringarmyndum og súluritum
- geta útskýrt og túlkað upplýsingar úr töflum og súluritum
- geta gert sig skiljanlegan og tekið þátt í umræðum um stærðfræðileg efni
- geta rætt við kennara og aðra, t.d. heimilisfólk sitt, um stærðfræðileg efni í því skyni að öðlast betri skilning, til dæmis með því að spyrja kennara spurninga
- geta nýtt sér stærðfræðileg hugtök og aðferðir við lausn verkefna í samvinnu við skólasystkin sín
- geta útskýrt munnlega eigin lausnir á verkefnum og notað tákn og skýringarmyndir eftir því sem við á þannig að þær verðiskiljanlegar

### öðrum

- geta lesið með skilningi allan stærðfræðitexta í námsefni sínu
- geta útskýrt og sett fram eigin lausnir skriflega og samið sögur út frá stærðfræðilegum verkefnum, bæði sínum eigin og annarra
- Aðferðir - Tengsl við daglegt líf og önnur svið
- geta lesið úr einföldum töflum, t.d. stundatöflum, áætlaða- og verðtöflum
- geta notað einfaldar mælieiningar um hitastig, mál og vog, bæði óstaðlaðar mælieiningar og staðaleiningarnar m og cm, l og dl ásamt g og kg
- hafa lært undirstöðuatriði varðandi mælingar í tíma og rúmi
- hafa kynnst notagildi stærðfræði í verslun og handverki og til að lýsa og skýra fyrirbæri í náttúrunni og daglegu lífi
- gera sér grein fyrir því hvernig hægt er að nota stærðfræði í daglegu lífi og á öðrum sviðum
- skilja grundvallaratriði tímatsins og kunna á klukku, bæði talna- og skífuklukku
- geta notað mynt og seðla, áætlað, talið og skráð peningaupphæðir og gefið til baka
- geta sett stærðfræðileg hugtök í samband við hversdagslega hluti til að gera þau skiljanlegri
- geta leyst verkefni daglegs lífs með aðferðum stærðfræðinnar
- geta notað einföld rúmfræðileg hugtök við lýsingu og könnun fyrirbæra í umhverfinu

### Inntak - Hlutföll og prósentur

- hafa kynnst hlutföllum milli stærða og geta notað þau við lausnir einfaldra hagnýtra verkefna
- hafa kynnst prósentuhugtakinu
- geta túlkað hlutföllin 1%, 50% og 100% af áþreifanlegri stærð eða fjölda sem nemandinn þekkir vel
- geta metið hvort tiltekin stærð er stór eða lítil hluti af heild
- geta notað hugtökin tvöfalt, þrefalt, fjórfalt ... og helmingur, þriðjungur, fjórðungur ... bæði í sambandi við tölur og aðrar stærðir, t.d. lengd strika
- skilja hvað átt er við með orðunum "stækkun" og "smækkun" og geta stækkað og smækkað flatarmyndir, t.d. með því að nota pinnabretti eða myndvarpa

### Inntak - Mynstur og algebra

- hafa unnið með mynstur í því skyni að segja fyrir um framhaldið og finna almenna reglu
- geta skýrt tengsl milli þátta sem hann þekkir í daglegu lífi, t.d. fjölskyldutengsl
- átta sig á einfaldri notkun ýmiss konar staðgengla fyrir tölur í stærðfræði
- geta rökstutt að þegar sömu stærð er bætt við báðum megin í jöfnu þá gildir jafnaðarmerkið áfram, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti
- geta breytt mynstri af einu formi yfir á annað með því að nota hluti, töflur, gröf, reiknivélar, talað eða ritað mál og tákni
- geta kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön

og hluti

Inntak - Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- geta notað fjölbreyttar aðferðir við samlagningu og frádrátt náttúrlegra talna (a.m.k. fyrir tölur 1-1000), bæði á blaði og í huganum
- geta sett fram margföldunartöfluna upp í 10x10 og nýtt sér hana
- geta margfaldað þriggja stafa tölu með eins stafs tölu og reiknað einföld deilingardæmi
- skilja að margföldun er endurtekin samlagning
- skilja að líta má á deilingu sem skiptingu og einnig sem endurtekinn frádrátt
- geta notað námundun að næsta tug til að einfalda reikninga
- sýna tilfinningu fyrir tölum og stærðum þannig að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- geta nýtt sér að annars vegar samlagning og frádráttur og hins vegar margföldun og deiling eru andhverfar aðgerðir og geta notað þessi tengsl til að prófa útreikninga
- hafa kynnst aðferðum við hugarreikning og námundun
- hafa notað reiknivél til að öðlast betri skilning á reikniaðgerðum og geta notað hana til að leggja saman, draga frá, margfalda og deila
- sýna leikni í hugarreikningi með heila tugi, hundruð og þúsund og kunna aðferðir til að reikna í huganum einföld og aðgengileg dæmi með tveggja stafa tölum

Inntak - Rúmfræði

- geta hliðrað flatarmyndum, t.d. á pinnabretti
- þekkja nokkur algeng mælitæki (s.s. vogarskálar og málband), geta notað þau og skilja að mælingar geta verið misjafnlega nákvæmar
- þekkja og geta lýst nokkrum flatarmyndum og flokkað þær, s.s. hring, þríhyrning, sexhyrning, ferning, rétthyrning og samsíðung
- geta flokkað horn eftir því hvort þau eru rétt, gleið eða hvöss
- geta fylgt leið á rúðuneti eða korti eftir munnlegum eða skriflegum leiðbeiningum
- kunna skil á nokkrum algengum hugtökum sígildrar rúmfræði
- geta notað pappírsmat og speglanir til að búa til samhverfar myndir og form
- þekkja samhverfur í skreytilist, geta búið til mynstur og þakið flöt með flísum með því að beita rúmfræðilegum færslum
- þekkja, geta teiknað og nefnt punkt, línu, línustrik, samsíða línur, línur sem skerast og tvær línur hornréttar hvor á aðra

Inntak - Tölfræði og líkindafræði

- geta safnað, skráð og flokkað gögn og sett fram niðurstöður í töflum og með súluritum
- geta borið saman líkur á að eitthvað gerist með því að nota hugtökin "jafnmiklar líkur", "meiri líkur" og "minni líkur"
- geta skýrt líkur á að eitthvað gerist með því að nota hugtökin "öruggt", "sennilegt", "óvíst", "ósennilegt"
- hafa kynnst líkindahugtakinu
- geta borið saman gögn með því að nota hugtök sem tákna fjölda eða magn

Inntak - Tölur

- þekkja neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli og í notkun á reiknivélum
- sýna skilning á náttúrlegum tölum frá 1 upp í 1000
- hafa notað reiknivél til að skoða eiginleika talna, t.d. deilanleika
- kunna aðferð til að telja fjölda hluta í safni og sýna jafnframt þann skilning á tölum að hann geti áætlað fjölda hluta í safni og borið áætlunina saman við raunverulegan fjölda
- þekkja sléttar tölur og oddatölur
- geta sýnt á fjölbreytilegan hátt skilning á hvað er helmingur, þriðjungur, fjórðungur, fimmtungur, tíundi hluti og hundraðshluti af heild
- geta talið aðra hverja tölu, þriðju hverja tölu, o.s.frv.

### Námsgögn

---

- Sproti 2b, 3a, 3b, 4a, 4b
- Við stefnum á:
- samlagningu
- frádrætti
- margföldun
- deilingu
- Í undirdjúpunum
- Ýmis verkefni frá kennara

### Kennsluáðferðir

---

Bein kennsla

Munnlegar og skriflegar innlagnir frá kennara.

Hópverkefni

Nemendur vinna saman í hóp við lausn verkefna.

Kannanir

Kannanir verða lagðar fyrir nemendur með jöfnu millibili yfir veturinn.

Námsleikir

Nemendur fara í hina ýmsu námsleiki, tengda námsefninu.

Samvinnunám

Nemendur vinna saman tveir eða fleirivið lausn verkefna.

Spil

Nemendur fara í hin ýmsu spil tengd námsefninu.

Sýnikennsla

Nemendur fá sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.

Utanbókarnám

Vettvangsferðir

Nemendur fara í vettvangsferðir í sínu nánasta umhverfi.

Þjálfunarforrit

### Námsmat

---

Kannanir

Nemendur taka kannanir í lok hverrar annar.

Mat á frammistöðu í tímum

Frammistaða og virkni verður metin.

Hin ýmsu þjálfunarforrit verða  
notuð í upplýsingartækni.  
Þrautalausnir  
Nemendur glíma við hinar ýmsu  
þrautalausnir, tengdar  
námsefninu.  
Þulunám  
Nemendur læra hinar ýmsu  
stærðfræðiaðferðir og  
margföldunartöfluna.

---

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: Textílmenn

Tímabil: 22.ágúst-22.maí

Hópur: Húnar, 3.-4. bekkur

Nafn: Sonja Dröfn Helgadóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Textílmenn

Fagurfræði og rýni - Skynjun/greining/mat

- geta metið eigin verk og rökstutt matið

Fagurfræði og rýni - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta nýtt sér fagurfræðileg sjónarmið (liti, form) við eigin sköpun

Lögmál og aðferðir - Skynjun/greining/mat

- hafa lært hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum

Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning

- gera sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut

- geta beitt einföldustu áhöldum greinarinnar

- geta nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir greinarinnar í einföldum útfærslum, s.s. vefnað, saum, þrjón, hekl, þrykk, tóvinnu

- geta unnið eftir fyrirmælum frá kennara

## Kennsluáætlun

---

### Bein kennsla

Kennari leiðbeinir nemendum, einum í einu við verkefnavinnuna.

Verklegar æfingar

Nemendur vinna að þeim verkefnum sem kennari leggur fyrir.

### Námsmat

---

Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur vinnubrögð, áhuga, vinnusemi og frágang.

# Kennsluáætlun Húnar veturinn 2014-2015

---

Heiti áætlunar: Upplýsingamennt

Tímabil: 22.ágúst-22.maí

Hópur: Húnar, 3.-4.bekkur

Nafn: Sonja Dröfn Helgadóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

---

## Upplýsingamennt

### Meningarlæsi

- hafa fengið reglulega lánaðar bækur og önnur gögn á skólasafninu sem styðja nám og lesskilning og hafa mótað lestrarvenjur og þekkingarleit til framtíðar

### Tæknilæsi

- hafa lært grunnatriði í fingrasetningu á tölvu
- geta skeytt myndum inn í texta
- hafa lært grunnatriði í meðferð og notkun tölvu
- kunna að vista skjöl og ná í vistuð skjöl
- geta ritað einfaldan texta í ritvinnslu
- geta notað ýmis kennsluforrit er hæfa aldri og getu

### Upplýsingalæsi

- geta gert greinarmun á bókmenntatexta og fræðilegum texta
- kunna að leita í léttum fræðibókum
- geta leitað eftir efnisyfirliti og atriðisorðaskrá í léttum fræði- og handbókum
- þekkja þá möguleika sem skólasafnið býður upp á til upplýsingaöflunar og vinnslu

## Kennsluáðferðir

---

### Bein kennsla

Kennari leggur fyrir verkefni sem nemendur vinna.

### Upplýsingartækni

Nemendur vinna ýmis verkefni í tengslum við upplýsingatækni, læti að leita á netinu, meta sannleiksgildi

### Námsmat

---

Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur nemendur miðað við áhuga, þátttöku, vandvirkni og virkni í tímum.



Þess sem þau finna, auk þess að læra  
fingrasetningu og vinna með einföld  
verkefni.